

1963

Föstudaginn 18. nóvember 1983.

Nr. 258/1981. **Guðmundur Sigurðsson**

(Stefán Pálsson hrl.)

gegn

Jóni Steinari Gunnlaugssyni

(sjálfur).

Tékkamál. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1981.

Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður og stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að dráttarvextir af hinni tildæmdu fjárhæð verði ákveðnir 4.75% á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 27. mars 1981 til 1. júní 1981, 4.5% á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 5% á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti upplýsti stefndi, að handhöfn hans á tékka þeim, sem í máli þessu greinir, sé til komin fyrir framsal til innheimtu frá Lúðvík Sigurðssyni, er selt hafði tékkann í Verzlunarbanka Íslands, en leyst hann til sín. Áfrýjanda var því rétt í sjálfs sín nafni að innheimta tékkann.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að með hliðsjón af dómi Hæstaréttar 6. október 1983 í hæstaréttarmálinu nr. 126/1981 þykir mega taka til greina breytta vaxtakröfu stefnda að því leyti sem hún fær samrýmst ákvæðum auglýsinga Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o. fl., sem gildi hafa tekið eftir áfrýjun málsins. Verða þá dráttarvextir af hinni dæmdu fjár-

1964

hæð 4% á mánuði frá 21. apríl 1982 til 1. nóvember 1982, 5% á mánuði frá þeim degi til 21. október 1982, en 4.75% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 8.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frá 21. apríl 1982 ákveðast dráttarvextir 4% á mánuði til 1. nóvember 1982, 5% á mánuði frá þeim degi til 21. október 1983, en 4.75% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Guðmundur Sigurðsson, greiði stefnda, Jóni Steinari Gunnlaugssyni, 8.500.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. október 1981.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 25. september sl., hefur Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður, húsi Nýja Bíós við Lækjargötu, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 9. júní sl., á hendur Guðmundi Sigurðssyni, Engjahjalla 9, Kópavogi, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 3.000.00 með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 27. mars 1981 til 1. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Af hálfu stefnda er sótt þing í málinu og þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði til-dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu, en til vara, að honum verði einungis gert að greiða kr. 1.500.00 og að málskostnaður verði felldur niður.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál, en er lögvarnir komu fram, var því vikið til venjulegrar einkamálsmeðferðar.

Sátt hefur verið reynd fyrir dóminum, en án árangurs.

Stefnandi segir skuld þessa vera skv. tékka að fjárhæð kr. 3.000.00, útgefnum af stefnda í Reykjavík 16. mars 1981 á ávisanareikning nr. 3689 -8 við aðalbanka Búnaðarbanka Íslands í Reykjavík. Tékkinn sé gefinn út

til handhafa og áritaður eyðuframsali af Lúðvík Halldórssyni, Erluhólum 1, Reykjavík. Samkvæmt stimpli á tékkann er honum framvísað í Verzlunarbanka Íslands, Reykjavík, 16. mars 1981. Þann 27. mars 1981 er svo felld áritun gerð á tékkann í greiðslubanka: „Útgáfuundirritun tékkans ekki í samræmi við rithandarsýnishorn reikningseiganda. Innlausn þess vegna neitað.“

Stefndi segir málavöxtu þá, að í mars sl. hafi körfuknattleiksdeild Ármanns ætlað að halda hlutaveltu í fjáröflunarskyni. Meðlimir deildarinnar hafi frétt, að Knattspyrnudeild Fram ætti nokkur þúsund smáhluti, sem Fram hefði aflað sér í sama skyni, en ekki notað. Svo hafi samist um milli deildanna, að körfuknattleiksdeild Ármanns fengi hlutina keypta, en magn og gæði hafi ekki verið þekkt og því kaupverð ekki ákveðið. Að kvöldi föstudagsins 13. mars 1981 hafi hlutirnir verið sóttir í hús Bæjarleida við Langhóltsveg. Af hálfu körfuknattleiksdeildar Ármanns hafi verið mættur ásamt fleirum Guðmundur Sigurðsson, stefndi í málinu, og af hálfu knattspyrnudeildar Fram hafi verið mættur Lúðvík Halldórsson, einn stjórnarmanna í deildinni. Engin aðstaða hafi verið til þess að sannreyna magn og gæði hlutanna þarna á staðnum og hafi því verið ákveðið, að fulltrúi frá handknattleiksdeild Fram kæmi daginn eftir á hinn fyrirhugaða hlutaveltustað og gengið yrði þá frá uppgjöri. Áðurnefndur Lúðvík hafi þó lagt áherslu á að fá í hendur einhverja tryggingu fyrir viðskiptunum, þar til uppgjör færi fram. Stefndi hafi því látið þá fá ávísun þá, sem um ræði í málinu, en Lúðvík hafi jafnframt verið tjáð, að reikningurinn hefði ekki verið notaður um alllangt skeið og innstæða væri því ekki fyrir hendi.

Áðurnefndur Lúðvík hafi ekki komið á hlutaveltustað um helgina, en að morgni mánudagsins 16. mars hafi stefndi og faðir hans, Sigurður Jónsson, farið á skrifstofu Lúðvíks í því skyni að ganga frá uppgjöri og fá til baka áðurnefnda ávísun. Lúðvík hafi þá tjáð þeim, að hann hefði sett ávísunina í banka. Þeir feðgar hafi þá tilkynnt greiðslubankanum strax, hvernig í málum lægi, og lagt bann við, að ávísunin yrði innleyst. Ávísunin hafi síðan borist greiðslubankanum tæpum hálfum mánuði síðar, eða þann 27. mars 1981, og hafi innlausn verið neitað. Allar tilraunir stefnda til þess að fá áðurnefnda ávísun til baka og gera upp við knattspyrnudeild Fram hafi ekki borið árangur.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi afturkallað tékkann, sbr. 32. gr. laga nr. 94/1933 um tékka, og hafi Lúðvík T. Halldórssyni eða knattspyrnudeild Fram því borið að höfða mál á grundvelli tékkans eða viðskiptanna, en ekki stefnanda þessa máls, sem hafi neitað því bréflega þann 12. maí 1981, að hann hefði umræddan tékka undir höndum. Stefndi sé ekki í góðri trú um gildi tékkans, þegar hann þann 3. júní 1981 gefi út stefnu í málinu, og þar sem engin viðskipti hafi farið fram milli

stefnanda og stefnda önnur en þau, að stefnandi komi fram sem handhafi margnefnds tékka, þá beri að sýkna stefnda.

Varakröfu sína í málinu styður stefndi þeim rökum, að fari svo, að stefnandi breyti aðild sinni að málinu og hætti að koma fram sem handhafi tékkans, heldur þess í stað sem fulltrúi knattspyrnudeildar Fram, þá sé rétt greiðsla fyrir áðurnefndan hlutaveltuvarning kr. 1.500.00, sem stefndi hafi sannanlega boðið fram 12. maí sl., sbr. dskj. nr. 5, en eigi hafi ennþá verið tekið við vegna viðtökudráttar af hálfu knattspyrnudeildar Fram, sbr. dskj. nr. 6.

Í þinghaldi þann 21. september sl. óskaði stefnandi bókað, að hann mót-mæli, að nokkrar aðrar varnir komist að í máli þessu en sem um geti í 17. kafla laga nr. 85/1936. Af hálfu stefnda var því þá haldið fram, að varnir hans gegn kröfu stefnanda væru varnir skv. 17. kafla laga nr. 85/1936 og tékkalögum.

Þann 25. september sl. lýstu aðiljar gagnasöfnun lokið, og málið var munnlega flutt og dómtekið. Við munnlegan flutning komu þær varnir fram af hálfu stefnda, að hér væri ekki um tékkamál að ræða, þar sem á tékkann vanti áritun um sýningu hans innan réttis sýningarfrests skv. 29. gr. laga nr. 94/1933, sbr. 40. gr. sömu laga. Þá hélt hann því fram, að, sbr. dskj. nr. 6, væri ljóst, að stefnandi hefði ekki haft tékkann á sýningar-frestinum. Hann væri því ekki réttur aðili að tékkamáli. Framsal til hans væri aðeins venjulegt framsal kröfu og hefði ekki tékkagildi. Ljóst væri, að skjalið nyti ekki lengur verndar tékkalaga.

Af hálfu stefnanda var á það bent, að við framsal til hans hafi engin nýr réttur skapast, hins vegar hafi þá mátt framselja þá heimild, sem fram-seljandi hafði. Þá var því mótmælt, að hann væri ekki réttur aðili að tékk-anum, og því einnig haldið fram, að tékkinn hefði verið sýndur í greiðslu-banka, sbr. áritun á hann, en hún sýni, að tékkinn hafi verið í greiðslubank-anum innan sýningarfrestsins.

Álit dómsins.

Tékki sá, er frammi liggur í málinu á dskj. nr. 3, uppfyllir öll skilyrði 1. gr. laga nr. 94/1933 um, hvað greina skuli í tékka. Tékkinn er stílaður á handhafa og framseldur eyðuframsali af Lúðvík Halldórssyni. Stefnandi hefur þannig formlega löglega heimild að tékkanum. Því er ekki mótmælt, að stefndi hafi gefið út tékkann. Framsal Lúðvíks Halldórssonar á tékkann er tékkaframsal, og öðru hefur ekki verið haldið fram í málinu. Ekki eru brigið á það bornar, að stefnandi hafi venjulegt kröfuréttarframsal að tékkanum. Samkvæmt áritun á tékkan er hann í greiðslubanka 27. febrúar 1981 og þannig innan lögmæltis sýningarfrests, sbr. 29. gr. laga nr. 94/1933. Ákvæði 32. gr. laga nr. 94/1933 rétt skilin þykja binda hendur greiðslu-

1967

bankans um innlausn tékkans, en breyta ekki rétti handhafa tékkans á hendur útgefanda hans.

Að þessum sjónarmiðum athuguðum þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina, enda sé hér um tékkamál að ræða, sem fari að reglum 17. kafla laga nr. 85/1936, þannig að viðskiptin á bak við tékkann komi hér ekki til skoðunar.

Vaxtakrafa stefnanda er lögum samkvæm og er tekin til greina. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 2.500.00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðmundur Sigurðsson, greiði stefnanda, Jóni Steinari Gunnlaugssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 3.000.00 með 4.75% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 27. mars 1981 til 1. júní 1981, en með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar, kr. 2.500.00, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 18. nóvember 1983.

Nr. 49/1982. **Ragnheiður Stefánsdóttir**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegna

Bjarna Helgasyni

og gagnsök

(Örn Clausen hrl.).

Hjón. Búskipti við skilnað. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.